



Lúxemborg, 22. september 2016

FRÉTTATILKYNNING 09/2016

Dómur í máli E-29/15 Sorpa bs. gegn Samkeppniseftirlitinu

HUGSANLEG MISNOTKUN BYGGÐASAMLAGS Á MARKAÐSRÁÐANDI STÖÐU Á MARKAÐI UM MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS: MAT Á GRUNDELLI C-LIÐAR 2. MGR. 54. GR. EES-SAMNINGSINS

Með dómi sem var kveðinn upp í dag veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit um spurningar frá Hæstarétti Íslands um túlkun 54. gr. EES-samningsins.

Á þeim tíma er málsatvik áttu sér stað mæltu lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs fyrir um að sveitarfélög skyldu ákveða fyrirkomulag söfnunar og flutnings á heimilis- og rekstrarúrgangi í sveitarfélaginu. Nánar tiltekið bar þeim að tryggja að móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang væru starfræktar í þeirra umdæmi. Samkvæmt lögnum veitti Umhverfisstofnun starfsleyfi fyrir móttökustöðvar úrgangs, sem ella var óheimilt að reka. Slíkt starfsleyfi mátti veita hvort heldur einka- eða opinberum aðilum. Þá kom fram í lögnum að rekstraraðili förgunarstaðar skyldi innheimta gjald fyrir förgun úrgangs. Gjaldið skyldi nægja fyrir öllum kostnaði við förgun úrgangsins, þ.m.t. uppsetningu og rekstri viðkomandi förgunarstaða. Þá var sveitarfélögum heimilt að innheimta gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs. Gjöld sem sveitarfélag eða byggðasamlag innheimti skyldu þó ekki vera hærri en sem næmi kostnaði við meðferð úrgangs og tengda starfsemi sem samræmdust markmiðum laganna um meðhöndlun úrgangs.

Árið 1988 gengust sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu undir samning („stofnsamningurinn“) um stofnun Sorpu bs. („Sorpa“) sem byggðasamlags um meðhöndlun úrgangs í sveitarfélögunum. Gefin voru út starfsleyfi til handa Sorpu til reksturs móttöku- og söfnunarstöðva. Samkvæmt stofnsamningnum áttu sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu („eigendur Sorpu“) rétt á arðgreiðslum í réttu hlutfalli við eignarhlut sinn í Sorpu. Hins vegar mælti stofnsamningurinn jafnframt fyrir um að arðgreiðslur til eiganda mættu vera í formi afsláttar til eigenda. Nánar tiltekið lagði Sorpa á eigendur sína lægra gjald en það sem almennt var innheimt fyrir móttöku sorps.

Hinn 21. desember 2012 komst Samkeppniseftirlitið að þeirri niðurstöðu að Sorpa hefði brotið gegn ákvæði 11. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 sem fjallar um misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Talið var að Sorpa hefði markaðsráðandi stöðu á markaði um móttöku úrgangs á höfuðborgarsvæðinu, þar sem markaðshlutdeild hennar væri um það bil 70% og einungis einum keppinauti væri fyrir að fara en það var Gámaþjónustan hf. („Gámaþjónustan“), sem er einkarekið fyrirtæki. Jafnframt taldi Samkeppniseftirlitið að Sorpa hefði markaðsráðandi stöðu á markaði um förgun úrgangs, þar sem Sorpa var eina fyrirtækið á markaði. Þar sem Gámaþjónustan rak ekki förgunarstöðvar var fyrirtækið einnig viðskiptavinur Sorpu. Með því að veita eigendum sínum meiri afslátt en hún veitti öðrum viðskiptavinum, og þá einna helst Gámaþjónustunni, var talið að Sorpa hefði misnotað markaðsráðandi stöðu sína. Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins var staðfest af áfrýjunarnefnd samkeppnismála og síðar af Héraðsdómi Reykjavíkur. Sorpa áfrýjaði dómi Héraðsdóms Reykjavíkur til Hæstaréttar sem aflaði ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins.

Hugtakið fyrirtæki

Dómstóllinn benti á að opinber stofnun teldist fyrirtæki í skilningi 54. gr. EES-samningsins þegar hún færi ekki með opinberar valdheimildir heldur tæki þátt í efnahagsstarfsemi, sem fælist í sölu á vöru eða þjónustu á markaði. Til þess að unnt væri að ákvarða hvort veiting þjónustu, sem fælist í meðhöndlun úrgangs af hálfu sveitarfélags eða byggðasamlags á borð við Sorpu, teldist til efnahagsstarfsemi, yrði að taka mið af því hvort starfsemin færi fram á markaði í samkeppni við einkaaðila og hvaða gjald væri tekið fyrir þjónustuna. Í því samhengi tók dómstóllinn fram að samkvæmt lögum um meðhöndlun úrgangs væri heimilt að veita einkaaðilum leyfi til reksturs móttöku- og söfnunarstöðva og leyfi til reksturs móttökustöðvar hefði verið veitt Gámaþjónustunni. Sú staðreynd að Sorpa hefði ákveðið að innheimta gjald fyrir móttöku úrgangs, þótt henni hafi ekki verið það skylt, renndi frekari stöðum undir efnahagslegt eðli starfseminnar.

Undanþága fyrirtækja sem falið er að veita þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu

Samkvæmt 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins eru fyrirtæki undanþegin samkeppnisreglum samningsins þegar (i) þeim er falið að veita þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu og (ii) beiting reglnanna kemur í veg fyrir að þau geti leyst af hendi þau sérstöku verkefni sem þeim eru falin. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að unnt væri að telja þjónustu við meðferð úrgangs til þjónustu er hefði almenna efnahagslega þýðingu. Það væri hins vegar landsdómstólsins að meta hvort beiting 54. gr. EES-samningsins gerði sveitarfélögum ómögulegt að annars vegar veita þá þjónustu við meðferð úrgangs sem þeim hefði verið falin eða hins vegar að veita hana við efnahagslega ásættanlegar aðstæður.

Hugsanlegt brot gegn c-lið 2. mgr. 54. gr. EES-samningsins

Samkvæmt c-lið 2. mgr. 54. gr. EES-samningsins getur misnotkun á markaðsráðandi stöðu falist í því að öðrum viðskiptaaðilum sé mismunað með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum og samkeppnisstaða þeirra þannig veikt.

Í fyrsta lagi benti dómstóllinn á að fyrirtæki sem tilheyra sömu fyrirtækjasamstæðu og hið markaðsráðandi fyrirtæki gætu talist viðskiptaaðilar í skilningi c-liðar 2. mgr. 54. gr. EES-samningsins. Ástæðan væri sú að þau gætu samið við hið ráðandi fyrirtæki og fengið vörur eða þjónustu frá því eða veitt því vörur eða þjónustu.

Í öðru lagi benti dómstóllinn á að samkvæmt umræddu ákvæði þyrfti samkeppnisstaða aðilans, sem mismununin beindist að, gagnvart keppinautum sínum að hafa veikst. Þar sem hann væri viðskiptaaðili hins ráðandi fyrirtækis yrði hin veikta samkeppnisstaða að birtast á fráliggjandi eða aðliggjandi markaði sem fyrirtækið væri ráðandi á. Dómstóllinn tók fram að Sorpa veitti eigendum sínum meiri afslátt en öðrum viðskiptavinum, sérstaklega Gámaþjónustunni. Til þess að unnt væri að líta svo á að samkeppnisstaða Gámaþjónustunnar væri veikt gagnvart þeim aðilum sem nytu góðs af mismununinni, þ.e. eigendum Sorpu, í skilningi c-liðar 2. mgr. 54. gr. EES-samningsins yrði fyrirtækið að vera í samkeppni við eigendur Sorpu. Þótt það væri landsdómstólsins að meta hvort slík samkeppni væri til staðar tók dómstóllinn fram að Gámaþjónustan virtist ekki vera í samkeppni við eigendur Sorpu á markaði sem væri fráliggjandi eða aðliggjandi markaði um förgun úrgangs á höfuðborgarsvæðinu. Þvert á móti virtist Gámaþjónustan eiga í samkeppni við Sorpu, en ekki eigendur Sorpu, á markaði um móttöku úrgangs. Þar af leiðandi væri ekki útlit fyrir að samkeppnisstaða Gámaþjónustunnar hefði veikst.

Að lokum benti dómstóllinn á að ef landsdómstóllinn kæmist að þeirri niðurstöðu að Sorpa hefði ekki gerst brotleg við c-lið 2. mgr. 54. gr. kynni fyrirtækið samt sem áður að hafa brotið gegn 54. gr. EES-

samningsins. Sérstaklega kynnu að vakna spurningar um það hvort Sorpa hefði gerst sek um skaðlega undirverðlagningu með því að veita afslátt af gjöldum sínum, í ljósi þess að gjöldin máttu ekki vera hærri en kostnaður við að veita þjónustuna. Þetta væri hins vegar atriði sem landsdómstóllinn þyrfti að leggja mat á.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.int.

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.